

Efnisyfirlit

1.0	Erindið	2
2.0	Málsmeðferð	2
2.1.	Fundur með aðilum 28. ágúst 2003	2
2.2.	Greinargerð Og fjarskipta, dags. 5. september 2003.....	2
2.3.	Kröfur og málsástæðurOGF	2
2.4.	Greinargerð Landssíma Íslands, dags. 22. september 2003	5
2.5.	Málsástæður og kröfur LÍ.....	6
2.6.	Sáttaumleitani Póst- og fjarskiptastofnunar	8
2.7.	Greinargerð Og fjarskipta, dags. 6. október 2003	9
2.8.	Greinargerð Landssíma Íslands hf., dags. 15. október 2003.	11
3.0	Niðurstaða.....	13
3.1.	Ákvæði fjarskiptalaga.....	13
3.2.	Gildandi samningar um reiki.....	13
3.3.	Umfjöllun um kröfur aðila	14
3.4.	Krafa LÍ um að öllum kröfum er lúta að “þjónustureikisamningi” verði vísað frá 14	
3.5.	Krafa OGF um að núverandi reikisamningar skulu vera áfram í gildi að undanskildum þeim svæðum sem sagt hefur verið upp.....	15
3.6.	Einstakir staðir sem sérstök krafa var gerð um	24
3.7.	Krafa OGF um að samningur um Vesturland skuli halda gildi til 1. maí 2004.....	25
3.8.	Krafa OGF um aðgang að nýjum farsímastöðvum, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga er uppfyllt	25
3.9.	Krafa OGF um að PFS ákvarði verð fyrir reikiþjónustu	25
3.10.	GPRS reiki.	25
3.11.	Verð fyrir GPRS aðgang	26
3.12.	Slitlaust reiki (seamless roaming)	26
3.13.	Krafa LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum.....	26
3.14.	Krafa LÍ um að PFS hafni reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga.....	27
4.0	Ákvörðunarorð.....	28
4.1.	Krafa LÍ um að öllum kröfum er lúta að “þjónustureikisamningi” verði vísað frá.28	
4.2.	LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum stöðum til viðbótar við þau svæði sem fram komu í tilboði LÍ frá 11. júní 2003.	28
4.3.	Reiki á eftirfarandi sendum skal a.m.k. vera til ársloka 2005	28
4.4.	Einstakir staðir sem sérstök krafa var gerð um:	29
4.5.	Krafa OGF um að samningur um Vesturland skuli halda gildi sínu til 1. maí 2004. 29	
4.6.	Krafa OGF um að aðgang að nýjum farsímastöðum, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga er uppfyllt.	29
4.7.	Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir reikiþjónustu.....	29
4.8.	Krafa OGF um GPRS reiki	29
4.9.	Verð fyrir GPRS.....	29
4.10.	Slitlaust reiki (Seamless roaming)	29
4.11.	Krafa LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum.....	29
4.12.	Krafa LÍ um að öllum kröfum varðandi reikiaðgang á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga verði vísað frá	30

**Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar
vegna sameiginlegrar beiðni Og fjarskipta og Landssíma Íslands um að Póst- og
fjarskiptastofnun ákvarði skilmála fyrir reikisamningi Og fjarskipta að
farsímaneti Landssíma Íslands, sbr. 3. mgr. 35. fjarskiptalaga nr. 81/2003.**

1.0 Erindið

Með bréfi dags. 20. ágúst 2003, óskuðu Landssími Íslands hf. (hér eftir LÍ) og Og fjarskipti (hér eftir OGF) eftir að Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) tæki til meðferðar á grundvelli 3. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, reikimál félaganna en félögin höfðu um nokkurn tíma staðið í viðræðum um efni nýs reikisamnings og var það sameiginlegt mat fyrirtækjanna að þau kæmst ekki lengra í viðræðum sínum án íhlutunar PFS.

2.0 Málsmeðferð

2.1. Fundur með aðilum 28. ágúst 2003

Aðilar gerðu grein fyrir helstu kröfum og farið yfir efni bréfs, dags. 15. ágúst 2003 frá OGF til LÍ þar sem gangur viðræðanna var rakin. Ákveðið var að sameina mál OGF gegn LÍ, sem barst með bréfi, dags. 4. júlí 2003 varðandi kröfu um GPRS reiki innanlands, en erindið hafði áður verið sent LÍ til umsagnar.

2.2. Greinargerð Og fjarskipta, dags. 5. september 2003.

Málavexti telur OGF vera eftirfarandi. Þann 23. október 2000, 14. nóvember 2000, 1. febrúar 2001 og 1. júlí 2001 gerðu Tal og Íslandssími samninga við Landssíma Íslands um aðgang að fjarskiptanetum þess í því skyni að reika á tilteknum svæðum á landinu. Í samningum um aðgang dags. 23. október 2000 og 14. nóvember 2000 er samið um 5 reikisvæði sem merkt eru RS1, RS2, RS3, RS4 og RS5 og eru svæðin afmörkuð í fylgiskjali með samningunum. Í lista frá Landssíma Íslands hf., sem sendur var OGF hinn 4. júlí 2003, kemur fram að á svæðinu væru 67 símstöðvar, sem samningarnir ná til. Samningurinn 1. febrúar 2001 nær til 53 senda og samningurinn 1. júlí 2001 nær til 7 senda. Eftir að samningar þessir voru gerðir hefur Tal hf. sameinast Íslandssíma hf. undir nafninu OGF.

Með bréfi dags. 30. desember 2002 óskað OGF eftir því að aðgangssamningnum sem upphaflega var gerður á milli Íslandssíma hf. og LÍ hinn 1. febrúar 2001 yrði breytt til samræmis við samninginn frá 1. júlí 2001 og nái eftir það einungis til svæða sem tengjast farsímastöðvum á Fróðarheiði, í Gröf, í Skógum, á Hraunhóli, í Laugum, á Skollahnjúk og á Vatnaheiði. Í framhaldi af því hinn 30. apríl 2003 sagði LÍ upp öllum aðgangssamningum við OGF og er gildistaka uppsagnar hinn 1. nóvember 2003. Hinn 22. maí 2003 óskaði OGF eftir því við LÍ að frestað yrði gildistöku uppsagnar reikisvæða skv. bréfi 30. desember 2002. Síðan varð samkomulag á milli aðila að ljúka samningum um reiki eigi síðar en 1. október 2003.

2.3. Kröfur og málsástæður OGF

1. Að reikisamningur aðila skuli vera efnislega óbreyttur að undanskildu reiki á svæðum sem sagt hefur verið upp.
2. Að Reikisamningur aðila taki einnig til farsímastöðva LÍ í Grímsey og við Kárahnúka.

3. Að OGF eigi rétt á aðgangi að farsímanetum LÍ á öðrum og nýjum svæðum, en þegar er gerð krafa um, eftir því sem nýjar farsímastöðvar koma til sögunnar, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga eru uppfyllt.
4. Reikisamningur aðila nái til reikis með GPRS tækni.
5. Um hvert sé hæfilegt endurgjald sem OGF greiði LÍ fyrir aðgang að teknu tilliti til kostnaðar Landssíma Íslands hf. og hæfilegrar ávöxtunar fjármagns.

Um þau reikisvæði sem gerð er krafa um vísaði OGF til núgildandi samninga og uppsagnar af hálfu OGF á hluta af þeim. Jafnframt var þess krafist að samningurinn nái til nýrra svæða í Grímsey og við Kárahnúka. Að lokum var þess krafist að viðurkenndur verði réttur OGF til að njóta reikis á sömu skilmálum og gilda á hverjum tíma á nýjum svæðum, sem LÍ kemur upp farsímastöðvum á, enda séu skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga uppfyllt.

Krafan um reikisvæði byggir á ótvíræðum fyrirmælum 35. gr. fjarskiptalaga, sem túlka ber í ljósi VII. kafla laganna í heild sinni og í ljósi markmiða þeirra sem fjarskiptalögum er ætlað að ná. Meginákvæði greinarinnar telur OGF vera þetta:

Farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu, skulu eiga rétt á aðgangi að almennum farsímanetum annarra fjarskiptafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki sem eiga og reka almenn farsímanet er skylt að veita farsímafyrirækjum aðgang að netunum.

Skylda þessi er þó ekki algild. Hún á við þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:

Ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða farsímanets vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar.

Aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðva eru sérstaklega erfiðar, t.d. vegna náttúrulegra aðstæðna.

Þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni.

Nái aðilar ekki samningum um skilmála aðgangs skal PFS ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans, enda ráði farsímafyrirtækið sem leitar aðgangs þegar yfir eigin almennum farsímanetum, þar sem því verður við komið.

Ágreiningur aðila lýtur einungis að því hvort skilyrði skyldu LÍ til að veita OGF aðgang að farsímanetum sínum séu uppfyllt á öllum þeim svæðum sem OGF gerir kröfu til reikiþjónustu. Taldi OGF að við það mat verði því að líta til hvers skilyrðis fyrir sig og jafnframt til þeirra allra í heild sinni.

Skilyrðið um *eðli og umfang fjárfestingar* merkir að tilkostnaður og fyrirhöfn við að koma upp nýjum farsímastöðvum við hlið eða á sömu svæðum og keppinauturinn hefur komið upp farsímastöðvum svari ekki kostnaði. Þetta getur t.d. stafað af því að reglur um skipulag, byggingarmál, náttúruvernd leiða til þess að tilkostnaður verði svo hár að ekki sé unnt að koma upp farsímastöðvum þannig að fjárfestingin verði endurheimt. Einnig kann að vera ókleift að ráðast í fjárfestinguna vegna þess að um er

að ræða fámennit byggðarlag og litla utanaðkomandi umferð. Sú umferð sem þar er getur ekki borið uppi fjárfestingarkostnaðinn. Þá eru að baki þessari reglu laganna þjóðhagsleg sjónarmið til að koma í veg fyrir offjárfestingu þegar svo stendur á, sem að framan er lýst, sem leiddi til minnkandi samkeppni og hærra verðs á þjónustunni á landsvísu. Þá eru og að baki lagareglunni sjónarmið um að reikisamningur mundi auka tekjur neteigandans, enda á hann rétt á að fá sem endurgjald tilkostnað sinn og hæfilegan hagnað.

Skilyrðið um *sérstaklega erfiðar aðstæður* merkja einkum náttúrulegar aðstæður, en einnig margvíslegar aðrar aðstæður og sumar þær sömu og eiga við um skilyrðið um eðli og umfang fjárfestingar. Kröfur vegna náttúruverndar og skipulags geta leitt til þess að aðstæður verði sérstaklega erfiðar fyrir þann sem hyggst koma fyrir farsímastöð.

Skilyrðið um *virka samkeppni* er nýtt og var ekki í hinum eldri fjarskiptalögum. Ákvæðinu er ætlað að víkka heimildir PFS til að kveða á um gerð reikisamninga og ákvæðið leggur því í þessu tilviki frekari kvaðir á LÍ en áður. Með kvöð er hér átt við samningsskyldu og í þeim tilvikum sem hér eru til úrlausnar er kvöðin ekki neikvæð fyrir LÍ í þeim skilningi að hún valdi félaginu vandkvæðum í framkvæmd eða fjárhagslegri íþyngingu. Þvert á móti er slíkur reikisamningur til hagsbóta fyrir LÍ. Á þeim svæðum sem um er deilt hefur LÍ þegar fjárfest í og komið fyrir búnaði sem er fullnægjandi með óverulegum og kostnaðarlitlum aðlögunum til að annast reiki viðskiptamanna OGF auk þess að veita viðskiptamönnum LÍ farsímaþjónustu. Þar sem tilkostnaður LÍ er afar lítill getur LÍ notað tekjur af reikisamningi við OGF annað hvort til að auka hagnað sinni eða til að lækka almennt verð á farsímaþjónustu. Reikisamningur er því í þessu samhengi til þess fallin að auka samkeppni á farsímamarkaði. Þess utan má telja ljóst og óumdeilt að við þær aðstæður sem ríkja á íslenskum fjarskiptamarkaði, þar sem aðeins tvö fyrirtæki keppa, myndi takmörkun á reikisvæðum þeim sem þegar hefur verið samið um og synjum um reiki á nýjum sambærilegum svæðum leiða til minnkandi samkeppni á farsímamarkaði. Íbúar á þeim svæðum þar sem synjað væri um reiki ættu ekki annarra kosta vöð en versla við LÍ og rétturinn til að velja á milli tveggja kosta, milli tveggja keppinauta, yrði frá þeim tekinn. Jafnframt myndi slíkt ástand á afskekknum og fámennum svæðum leiða til þess að þeir sem um þau ferðast og vildu vera í farsímasambandi misstu sambandið og væru neyddir til að versla við LÍ og misstu kost á að velja á milli þjónustuveitenda. Slíkt myndi takmarka samkeppni. Ekki verður hjá því komist fyrir stofnunina að hugleiða af hvaða ástæðum LÍ hefur hug á að skerða reikisvæði þau sem um hefur verið samið. Engin frambærileg rök hafa komi fram af hendi LÍ þar um. LÍ hefur ekki heldur skýrt hvers vegna fyrirtækið er reiðubúið að tapa verulegum hagnaði sem telst í milljónatugum á ári af reikisamningi við OGF og hvaða hagsmuni félagið hefur af því að losna undan samningi. Verður ekki annað séð en hvatir LÍ séu þær að leitast við draga sem mest úr samkeppni á farsímasviði með það að markmiði að veikja OGF svo að LÍ verði einrátt á fjarskiptamarkaði. Eina atíðið sem LÍ hefur nefnt er að óheppilegt sé að reikisvæði séu ekki “hrein”, en fyrir þeirri afstöðu hafa ekki komið frambærileg rök eða skýringar.

Reiki með GPRS tækni

Fjarskiptalög gera engan mun á því með hvers konar tækni er reikað og taldi OGF ekki hafa komið fram rök af hálfu LÍ fyrir synjun um GPRS reiki.

Endurgjald

Í 30. gr. fjarskiptalaga er áskilið að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild gæti jafnræðis þegar það samþykkir aðgang. Þetta merkir að LÍ er skylt að selja umbj.m. aðgang a netum sínum á sama verði og það sem eigandi fjarskiptanets selur þjónustudeildum sínum og með sömu skilmálum. Skv. 31. gr. skal verð vera gagnsætt þannig að ljóst sé hver er kostnaður og hverjar eru tekjur af fjarskiptanetum og heildsöluverð og verð innan fyrirtækis skal vera gagnsætt. Verð það sem OGF ber að greiða skal þó aldrei vera hærra en sem nemur tilkostnaði LÍ ásamt hæfilegum hagnaði. LÍ er að áliti OGF óheimilt að ákveða mismunandi verð fyrir reikisvæði eftir því hvernig LÍ metur skyldu sína til að gera samning um reiki..

2.4. Greinargerð Landssíma Íslands, dags. 22. september 2003

Með bréfi, dags. 5. september s.l. var LÍ gefinn kostur á að koma með athugasemdir við greinargerð OGF. Svar barst þann 22. september s.l. LÍ lýsir aðdraganda reikiviðræðna aðila með eftirfarandi hætti. Ákvæði um innanlandsreiki var nýmæli í fjarskiptalögum nr. 107/1999. Í kjölfarið gerðu LÍ og Tal samning, dags. 23. október 2000 um reiki á ákveðnum svæðum og bauðst Íslandssíma sambærilegur samningur. Íslandssími krafðist víðtækari samnings en Tal hafði fengið og enduðu samningaviðræður fyrirtækjanna á þá leið að gerðir voru tveir samningar, annars vegar samningur dags. 14. nóvember 2000 og hins vegar samningur dags. 1. febrúar 2001. Þessir samningar hafa oft verið nefndir “skyldureikisamningur” og “þjónustureikisamningur”. Áður en samningar náðust milli aðila hafði PFS komið með málamiðlunartillögu sem báðir aðilar höfnuðu. Málum lyktaði því þannig að fyrirtækin náðu samkomulagi sín á milli um þessa tvo samninga án íhlutunar PFS. Í samningnum um þjónustureiki er sérstaklega tekið fram að hann byggir á viðskiptalegum grunni. Þann 1. júlí 2001 undirrituðu svo LÍ og Tal samning um þjónustureiki, sem var takmarkaðri en samningurinn við Íslandssíma, enda var þá uppbygging Tals um landið meiri en Íslandssíma. Taldi LÍ að þjónustureikið fæli í sér reiki á svæðum sem væri langt umfram það sem unnt væri að krefjast lögum samkvæmt.

Þá taldi LÍ mikilvægt að greina á milli reikisamnings frá 14.11.2000 (um skyldureiki) sem að því er varðar skilgreiningu á reikisvæðum byggði á 21. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 og samninga um þjónustureiki sem að sögn LÍ byggði alfarið á frjálsum samningsrétti aðila og félli ekki undir lögsögu PFS.

Með bréfi 30.12.2002 óskaði OGF eftir að þjónustureikisamningi yrði breytt á þann veg að hann næði aðeins til 7 senda og að sú breyting tæki gildi eigi síðar en 1. júlí 2003. Síðar óskaði OGF eftir fresti á gildistöku uppsagnarinnar og var þegar fallist á þá frestbeiðni af hálfu LÍ. Það var hins vegar löngu orðið ljóst af hálfu LÍ að allar forsendur fyrir reikisamningum milli aðila höfðu riðlast verulega.

Í bréfi LÍ, dags. 28.04.2003, til OGF var því öllum reikisamningum sagt upp með samningsbundnum sex mánaða fyrirvara. Ástæða uppsagnar taldi LÍ vera eftirfarandi: Í fyrsta lagi að með breytingu á þjónustureiki af hálfu Íslandssíma minnkar þjónustureikisvæði verulega og í öðru lagi þá kallar samruni Íslandssíma. og Tals hf. á endurskoðun samninga milli félaganna þ.á.m. reikisamninga. Í bréfi LÍ dags. 5.5.2003 koma einnig fram rök er varða verðlagningu. Þar segir að samkvæmt skyldureikisamningi LÍ og Íslandssíma GSM, dags. 14.11.2000, tekur verð fyrir þjónustuna mið af samtengisamningi félaganna. Reikisamningurinn í heild sinni tekur

síðan mið af 21. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, eins og skýrt kemur fram í markmiðsgrein samningsins, grein 1.2. og lokamálslið sérstakrar bókunar Íslandssíma við samninginn. Ennfremur segir í bréfinu að í 21. gr. fjarskiptalaganna gildir svokallað “retail minus” um ákvörðun reikigjalda. Þ.e. verð fjarskiptafyrirstækis að frádregnum þjónustuliðum sem fjarskiptafyrirtæki þarf ekki að veita. Tilvísun reikisamnings til samtengisamnings, sem viðmiðun við ákvörðun gjalda, byggði á þeirri forsendu að “retail minus” verð á þeim tíma er samningurinn var gerður var nánast það sama og samtengiverð inn í farsímanet félaganna. Það var því til að auka hagkvæmni við uppgjör að notast við samtengiverð. Með ákvörðun PFS frá 23. apríl s.l., hefur LÍ verið gert að lækka endagjöld í farsímanet sitt umtalsvert. Með ákvörðuninni hefur því dregið sundur með “retail minus” verði og samtengiverði. Af þessum sökum eru brostnar forsendur af hálfu LÍ að miða við samtengiverð við verðlagningu á reikisamningum. Öll sömu sjónarmið eiga við um verðlagningu um sk. þjónustureiki, sbr. bráðabirgðasamkomulag um þjónustureiki, dags. 1. 2. 2001, en skv. 4. gr. þess byggir verð fyrir reiki á skyldureikisamningi félaganna, að viðbættu 25% álagi.

2.5. Málsástæður og kröfur LÍ

- 1) Reikisvæði verði skilgreind eins og tilboð LÍ til OGF sýnir.
- 2) Öllum kröfum OGF um víðtækara reiki en tilboð LÍ býður verði hafnað.
- 3) Einungis verði reikað á svæðum þar sem OGF hafa fært fram lögfulla sönnun um er að ekki er hagkvæmt að setja upp senda, þó þannig að ekki verði miðað við einstaka senda heldur afmörkuð svæði.
- 4) Sendar frá öðrum aðilum skulu ekki vera inni á reikisvæðum
- 5) Kröfu OGF um að reikisamningur nái til GPRS þjónustu verði hafnað.
- 6) Kröfu OGF um að PFS ákveði verð fyrir reiki verði hafnað.
- 7) Kröfu OGF um að viðurkenndur verði réttur OGF til að njóta reikis á sömu skilmálum og gilda á hverjum tíma á nýjum svæðum, sem LÍ kemur upp farsímastöðvum á verði hafnað.
- 8) Öllum kröfum er lúta að þjónustureikisamningi verði vísað frá.

LÍ byggir á að 35. gr. fjarskiptalaga sé undantekningaregla, sem beri að skýra þröngt. PFS hafi einungis heimild til að mæla fyrir um reiki þar sem skilyrði laga eru uppfyllt. OGF hafi hvergi í kröfugerð sinni sýnt fram á það að skylda beri reiki á þeim stöðum sem þeir krefjast.

LÍ hefur áður hafnað þeirri kröfu OGF að reiki nái til svonefndrar GPRS þjónustu og vísast um rök fyrir því til bréfs LÍ, dags. 15. ágúst 2003.

Fyrir kröfu LÍ að sendar frá öðrum aðilum en LÍ séu ekki inni á reikisvæðum eru meginrökinn þau að það eitt að sendir sé inni á reikisvæði gefur til kynna að reiki sé óþarft á því svæði. Auk þess er hætta á truflun og yfirflæði á sendum LÍ.

Krafa LÍ um höfnun á kröfu Og fjarskipta um að viðurkenndur verði réttur Og fjarskipta til að njóta reikis á sömu skilmálum og gilda á hverjum tíma á nýjum svæðum, sem LÍ kemur upp farsímastöðvum á, byggir á því að PFS beri að taka á hverju tilvik fyrir sig þegar og ef aðila greinir á. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar byggð á 35. gr. laganna getur ekki verið svo almenn og varðað atvik sem enn eru ekki orðin, heldur verður að stofnunin að greina hvort lagaskilyrði séu uppfyllt áður en ákvörðun er tekin í hvert sinn. Þá taldi LÍ að öllum kröfum

varðandi þjónustureikisamninga bæri að vísa frá þar sem þeir heyrðu ekki undir lögsögu PFS.

Einnig að PFS bæri að hafna kröfu um að PFS fjalli um verð fyrir reikjaðgang. Þar sem reyna þyrfti á hvort aðilar næðu samkomulagi en meginreglan væri sú að aðilar ættu að semja um verð.

Um rök Og fjarskipta:

Samkvæmt nýju fjarskiptalögum getur PFS ekki lagt á kvaðir nema að undangenginni markaðsgreiningu, sbr. 17. gr. laganna og ákvæði til bráðabirgða II. PFS geti því ekki byggt ákvörðun um aðgengi á ákvæðum VII. kafla nema að undangenginni markaðsgreiningu. Það sem liggur fyrir PFS er að ákvarða um reiki á grundvelli 35. gr. laganna.

OGF rekur skilyrði 35. gr. fjarskiptalaga og reifar það almennt hvenær þau geti átt við. Þar er hins vegar engin rökstuðningur fyrir því hvers vegna PFS ætti að ákvarða reiki á þeim stöðum sem OGF æskir í kröfugerð sinni. Engin tilraun er gerð af hálfu OGF til að sýna fram á óhagkvæmni við uppsetningu stöðva á þeim svæðum. Það er lágmarkskrafa að OGF sýni fram á að lagaskilyrði fyrir reiki eigi við á þeim stöðum sem þeir krefjast reiki á.

Þá taldi LÍ að skilyrði 35. gr. hafi efnislega lítið breyst frá fyrri lögum. Í 1. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999 er markmið laganna m.a. að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það er raunar óbreytt í 1. gr. núgildandi fjarskiptalaga. Markmið fjarskiptalaga er því nú sem fyrr að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Virkri samkeppni á fjarskiptamarkaði verður best náð með hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta, sbr. til hliðsjónar 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Af framansögðu dregur LÍ þá ályktun að beinlínis sé óheimilt að mæla fyrir um skyldu til innlendra reikisamninga á grundvelli 35. gr. nema fyrir liggja að slíkt sé afdráttarlaust hagkvæmasti kosturinn. Ávallt þurfi að fara fram hagkvæmnismat þar sem fyrst yrði litið til möguleika fjarskiptafyrirtækis til uppbyggingar eigin sjálfstæðra stöðva. Því næst yrði kannaður sá möguleiki að fjarskiptafyrirtæki verði boðinn aðgangur fyrir eigin búnað, sbr. ákvæði 25. gr. fjarskiptalaga. Við ákvörðun um það hvort reiki skuli vera á tilteknu svæði verður að hafa í huga að slík kvöð dragi ekki úr hvata til fjárfestingar. Það hlýtur fremur að vera til að koma á virkri samkeppni til lengri tíma litið að fleiri en einn fjárfesti í innviðum fjarskipta þegar slíkt er mögulegt. PFS getur ekki litið framhjá þessum rökum við ákvörðun um reikisvæði og ber að líta til skilyrða í 35. gr. í heild. Með tilboði LÍ er verið að stækka samkeppnissvæði og þannig stuðla að virkri samkeppni á þeim svæðum.

Samningar félaganna hafa nú verið í gildi á þriðja ár og á þeim tíma hefur fyrirtækjunum sem notið hafi reikisins vaxið fiskur um hrygg og náð góðri útbreiðslu um landið. Samhliða hafa þau unnið að, og vinna enn að, frekari uppbyggingu fjarskiptaneta sinna og hafa nú sameinast í eitt stærra fyrirtæki. Frá því samningar voru undirritaðir hefur það einnig gerst að OGF hefur verið útnefnt af PFS sem fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á sviði farsímaþjónustu. OGF hefur sýnt í verki að reikisvæði sem upphaflega voru talin falla undir skyldureiki eru arðbær með því að halda úti sendum á þeim svæðum. Þessi afstaða LÍ hefur áður verið sett fram í bréfi til OGF dags. 19.8.2003. Þar segir:

OGF hafa ekki sýnt fram á að óhagkvæmt sé að setja upp senda á þeim svæðum þar sem LÍ bauð reiki áður en eru ekki inni í núverandi tilboði um reiki.

Gera má ráð fyrir að vaxandi markaðshlutdeild OGF geri þeim kleift að byggja kerfi sitt upp frekar.

Þar sem gjald fyrir lúkningu inn í farsímakerfi OGF er um 50% hærra en samsvarandi gjald í kerfi LÍ og tekjur OGF að lúkningu hvefrrar mínútu samsvarandi hærri, má ætla að OGF hafi betri möguleika til að setja upp stöðvar á fáfarnari stöðum.

Við mat á því hvað beri að leggja til grundvallar því hvort tiltekið svæði er hagkvæmt eða ekki, telur LÍ að miða eigi við þann viðbótarkostnað sem fellur til við uppsetningu stöðva á viðkomandi svæði og áætluðum tekjum til lengri tíma af umferð um svæðið. Það er skoðun LÍ að þau svæði sem ekki eru innifalinn í tilboði um reiki sem sett var fram í bréfinu frá 30. júní, geti vel skilað jákvæðri niðurstöðu miðað við þær tekjur sem ætla má að OGF geti haft af þeim.

LÍ telur að Tal og síðar OGF hafi með uppsetningu og rekstri senda sem LÍ er kunnugt um á Höfn, Húsavík, Sauðárkróki, Ísafirði og Egilsstöðum viðurkennt í verki að viðkomandi svæði eigi að vera utan reikisvæða. Þannig er það rökrétt ályktun af hálfu LÍ að bjóða ekki reiki á þessum svæðum.

Af hálfu OGF er fullyrt að LÍ hafi ekki fært fram neinar málefnalegar ástæður fyrir því að takmarka reikisvæði við það sem löggin kveða á um. Eins og fram kemur hér að ofan hafa margar og málefnalegar ástæður margsinnis verið ítrekaðar í viðræðum félaganna og eru enn tíundaðar hér. Með því að OGF staðsetur senda inni á skyldureikisvæði eru forsendur brostnar fyrir því að skylda reiki á þeim svæðum. Ákvörðun OGF um að hafa senda inni á svæðinu sýnir fram á að OGF telur það hagkvæmt. Með því að staðsetja senda inni á reikisvæði en krefjast þess samt að LÍ sé skyldaður til að leyfa reiki inn á sínar stöðvar á svæðinu er OGF einfaldlega að fleyta rjómann og tekjur LÍ af reiki verða minni á þessu svæði. Að auki skapast sú einkennilega staða að OGF fær með þessu óeðlilegt samkeppnisforskot. Þar sem samband viðkomandi sendis OGF er jafn gott (eða jafnvel betra en Símans) eru símtöl viðskiptavinar þess afgreidd um þann sendi. Ef sá sendir veitir hins vegar ekki nógu gott samband eða bilar þá virkar kerfi LÍ eins og varaskeifa fyrir OGF. Viðskiptavinir OGF á svæðinu njóta þannig tvöfalds öryggis.

LÍ telur að skylda til reikisamningsgerðar sé mjög takmörkuð og að sá sem fer fram á reiki verði að sýna fram á að skilyrði laga séu fyrir hendi. LÍ telur að sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem krefst reikis. Í kröfugerð OGF er hvergi með beinum hætti sýnt fram á nauðsyn á reiki á þeim svæðum sem þeir krefjast reiki á.

LÍ hefur skilgreint þau svæði í tilboði sínu til OGF sem hann telur að honum sé skylt að bjóða lögum samkvæmt. Skyldureikisamningur aðila sem nú er í gildi byggir á þeirri forsendu að á þeim svæðum séi ekki grundvöllur fyrir uppsetningu stöðva en frá einu fjarskiptafyrirtæki. OGF hefur hins vegar sýnt það í verki, með því að halda uppi stöðvum inn á skilgreindum reikisvæðum, að slíkur grundvöllur sé fyrir hendi og því eru brostnar forsendur fyrir því að halda uppi skyldureiki á þeim svæðum.

2.6. Sáttamleitanir Póst- og fjarskiptastofnunar

PFS ákvað í samræmi við 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, að kanna hvort möguleiki væri á að miðla málum á milli fyrirtækjanna og leggja fram sáttatillögu. Ákveðið var að kalla á LÍ og OGF á fund í sitt hvoru lagi og halda síðar sameiginlegan fund ef ástæða þætti til. Jafnframt var farið yfir spurningarlista sem

PFS hafði samið þar sem aðilar voru beðnir um svör við ákveðnum spurningum um ágreiningsefni aðila. Það var mat PFS eftir þessa fundi að svo mikið bæri á milli, að engin ástæða væri til að halda sameiginlegann fund með aðilum, sem hafði verið boðaður.

2.7. Greinargerð Og fjarskipta, dags. 6. október 2003

Með bréfi, dags. 26. september s.l. var OGF gefinn kostur á að skila inn umsögn um greinargerð LÍ frá 22. september s.l., en greinargerðin hafði áður verið sent OGF. Svar barst þann 6. október s.l. og af hálfu OGF voru settar fram nokkrar nýjar kröfur:

- að PFS mæli svo fyrir um að LÍ skuli gera nægilegar ráðstafanir í búnaði sínum til þess að reiki milli svæðis OGF og reikisvæðis LÍ verði slitlaust ("seamless").
- að PFS ákvarði að reikisamningur aðila nái enn fremur til farsímastöðva LÍ við Blönduvirkjun og á Höfðabrekku í Mýrdal.
- að PFS kveði á um hvert sé hæfilegt endurgjald sem OGF greiði LÍ fyrir reiki með GPRS tækni.
- að PFS ákveði að OGF eigi rétt á að tengja eigin sendabúnað við endurvarpa LÍ í Hvalfjarðargöngum eða til vara að fá reikiaðgang í Hvalfjarðargöngum.
- Að PFS ákvarði að reikisamningur um Vesturland, sem sagt hefur verið upp, haldi gildi sínu til 1. maí 2004.

Um bréf Landssíma Íslands hf. 22. september 2003.

OGF byggði á því að reikiregla 35. gr. fjarskiptalaga sé aðalregla og undantekningar frá henni beri að skýra þröngt.

Þá lagði OGF fram upplýsingar um tilkostnað við að setja upp senda og tekjur og gjöld af rekstrum senda og taldi að þeir sýntu að útilokað væri að það gæti verið arðsamt í bráð eða lengd að komi upp sendum á reikisvæðum.

LÍ hefur lagt nokkra áherslu á að OGF reki farsímastöðvar á fimm stöðum sem séu inni á reikisvæðum LÍ. Nauðsynlegt er að leiðrétta þann miskilning sem kann að felast í orðum LÍ, að umbj. m. hafi komið þessum farsímastöðvum fyrir eftir að reikisamningar voru gerðir. Þvert á móti voru þessar farsímastöðvar byggðar áður en reikisamningar voru gerðir og LÍ var fullkunnugt um þessar farsímastöðvar þegar reikisamningarnir voru gerðir á sínum tíma. Þessar farsímastöðvar hafa verið reknar um árabíl án þess að þær hafi valdið aðilum neinum þeim vandkvæðum sem máli skipta og því er ekki fallist á að ástæða sé til þess að breyta því fyrirkomulagi nú frekar en ástæða hefur verið til þess að breyta því fyrirkomulagi áður. Þegar reikisamningarnir voru gerðir á sínum tíma taldi LÍ ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þetta fyrirkomulag og forsendur þess hafa í engu breyst að þessu leyti.

LÍ leggur allmikla áherslu á að halda fast við hugtökin skyldureiki og þjónustureiki. Svo sem augljóst er eiga þessi hugtök sér enga stoð í fjarskiptalöggjöfinni og LÍ getur ekki byggt neinar kröfur á þessari hugtakanotkun. Þar af leiðandi er því hafnað að kröfum sem lúta að samningum sem nefndir hafa verið þjónustureikisamningar verði vísað frá.

Því er hafnað að kröfum um ákvörðun verðs fyrir reikisamninga verði vísað frá. Ástæðan er sú að aðilar hafa rætt verð fyrir reiki sín á milli. Af hálfu LÍ hefur komið

fram að félagið vill hækka verð fyrir reiki og er þá átt við að OGF greiði herra verð fyrir reiki en það var áður en PFS lækkaði samtengigjöld LÍ í byrjun sumars. Verð fyrir reiki er samkvæmt reikisamningum tengt við samtengiverð LÍ. Þrátt fyrir það hefur LÍ kafið OGF um óbreytt verð fyrir reiki og hefur OGF því neyðst til þess að senda LÍ kröfubréf til að endurheimta oftekið verð samkvæmt því frá og með 1. júní 2003. Það er því fullreynt að aðilar hafi ekki náð samkomulagi um verð fyrir reiki.

Aðilar hafa hins vegar ekki látið reyna á samkomulag um verð fyrir GPRS reiki með formlegum hætti og telji PFS líkur á því að aðilar geti samið um verð kann það að vera að stofnunin láti reyna á samkomulag milli aðilanna þar um í stað þess að hún ákvarði verðið nú þegar.

Þá var OGF ósammála því að hendur PFS séu bundnar þar til fram hafi farið markaðsgreining skv. 17. gr. laganna og LÍ njóti sérstakrar yfirburðarstöðu sinnar þangað til, til misnotkunar.

LÍ hf. telur að hið nýja ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga um að stuðla að virkri samkeppni skipti litlu máli í þessu sambandi. OGF er því ósammála og telur að með því verði veruleg breyting á efnisatriðum ákvæðisins, enda um nýtt skilyrði að ræða, þótt ljóst sé að það hafi ætíð verið almennt markmið fjarskiptalaga að auka samkeppni á sviði fjarskipta. Nú er lögð á það sérstök áhersla að á þessu sviði skuli auka virka samkeppni.

Hagkvæmnismat það sem LÍ telur að sé áskilið hefur nú farið fram og taldi OGF það sýna fram á óhagkvæmni þess að setja upp farsímastöðvar á reikisvæðunum. Á þeim svæðum þar sem krafist er áframhaldandi reikis er ekkert sem bendir til að þær breytingar verði sem geri OGF kleift að byggja upp farsímastöðvar á næstunni. Endagjöld OGF skipta þar engu máli. OGF hefur sýnt fram á að þeir staðir sem LÍ vill undanskilja reiki uppfylla reikiskilyrði fullkomlega. Um Höfn, Húsavík, Sauðárkrók, Ísafjörð og Egilsstaði hefur þegar verið rætt og vísað er til þess að LÍ og Tal sömdu um það fyrirkomulag sem á þessum stöðum er og virðist ekki vera nein ástæða til að breyta því fyrirkomulagi, enda engin rök fram komin um breyttar forsendur.

Um slitlaust reiki

LÍ hefur synjað beiðni OGF um að gera þær ráðstafanir sem duga til að reiki milli svæða verði slitlaust. Þeim ráðstöfunum fylgir lítil sem enginn kostnaður. Með synjuninni er LÍ að koma fyrir tæknilegri hindrun til að draga úr virkri samkeppni. Ennfremur er LÍ að framfylgja samningi aðila í andstöðu við meginregluna um að samninga skuli framkvæma í góðri trú. Með því er átt við að aðili að samningi skuli framkvæma samninginn á þann hátt sem hagkvæmast er fyrir gagnaðila enda fylgi því ekki sérstakar fórnir eða tilkostnaður fyrir samningsaðilann.

Um Hvalfjarðargöng.

Þá krafðist OGF að fá að tengja eigin sendabúnað við endurvarpa LÍ í göngunum eða reikiadgangs. Byggt er á sjónarmiðum um „essential facilities“ um aðalkröfuna en um varakröfuna gilda almenn sjónarmið um rétt til reikis, sem þegar hefur verið teflt fram í máli þessu.

Um Vesturland

OGF fer fram á að framkvæmd uppsagnar samnings dragist um fáeina mánuði. OGF er að byggja upp farsímanet á svæðinu en það tekur lengri tíma en áætlað var. Framlengingin veldur gagnaðila ekki neinum vandkvæðum

2.8. Greinargerð Landssíma Íslands hf., dags. 15. október 2003.

Með bréfi PFS, dags. 9. október s.l. var LÍ gefin kostur á að koma með athugasemdir við greinargerð OGF. Svar barst þann 15. október s.l.

Krafa um slitlaust reiki

LÍ vísar til þess að settur hafi verið á fót tækniþópur með fulltrúum Tals og LÍ og hópurinn hafi ákveðið hvernig reiki skyldi háttáð. Niðurstaðan hafi verið hefðbundið reiki að því undanskyldu að í stað þess að sá aðili sem reikað er hjá sjái um alla þjónustuna. Þá var öllum símtölum vísað til heimanets. Reiki eins og því er háttáð væri því byggt á sameiginlegri niðurstöðu aðila.

Þá mótmælir LÍ þeirri staðhæfingu OGF að slitlausu reiki fylgi lítill sem enginn kostnaður, heldur þvert á móti telur LÍ að slitlausu reiki fylgi kostnaður og fyrirhöfn fyrir báða aðila, bæði í undirbúningi og rekstri, og sé jafnframt óæskilegt fyrir viðskiptavinum LÍ, af tæknilegum ástæðum.

Þá dregur LÍ í efa að PFS hafi heimild til að mæla fyrir um tæknilegt fyrirkomulag reikis og í fjarskiptalögunum sé ekki mælt fyrir um tæknilega útfærslu. Slitlaust reiki sé undantekning frá almennri framkvæmd í reiki og ákvörðun um slíkt væri íþyngjandi fyrir LÍ og andstætt 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Krafa um reiki við Blöndu og Höfðabrekka í Mýrdal

Um nýjar stöðvar er að ræða sem hvorug heyrir undir “skyldureikisamninga” og að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði laga eigi við þar.

Krafa um hæfilegt endurgjald fyrir GPRS reiki

LÍ mótmælir að PFS mæli fyrir um endurgjald enda leiði það að sjálfum sér að stofnuni hafi ekki heimild til að mæla fyrir um endurgjald fyrir GPRS reiki fremur en að mæla fyrir um skyldu til að veita slíkt reiki. Verði GPRS reiki skyldað þýði það umfangsmiklar fjárfestingar í kerfi LÍ sem gætu leitt til offjárfestingar þar sem ekki er ljóst hversu mikið eða hversu lengi OGF muni nýta sé þessa þjónustu. Hætta væri á að LÍ sæti uppi með offjárfestingu þegar OGF myndu hætta að nýta sér þjónustuna.

Krafa um aðgang að Hvalfjarðargöngum

Um þá kröfu OGF að þeir eigi rétt á að tengja eigin sendibúnað við endurvarpa LÍ Í Hvalfjarðargöngum eða til vara að fá reikiaðgang að Hvalfjarðargöngum. Vísaði LÍ til þess að Tal hafi staðið til boða að taka þátt í að setja upp búnað í Hvalfjarðargöngum en ekki tekið því. Þá hafi Tal og Íslandssíma verið boðið að fá reikiaðgang að göngunum gegn greiðslu hluta fjárfestingarinnar en þau tilboð hafi ekki verið þegin. OGF hafi þann valkost að tengja eigin sendi endurvörpum LÍ, gegn greiðslu sanngjarns hluta fjárfestingarkostnaðar. Að þessu skilyrði uppfylltu væri ekkert því til fyrirstöðu að OGF tengist búnaði LÍ.

Krafa um að reikisamningur um Vesturland haldi gildi sínu til 1. maí 2004.

LÍ ítrekaði þá skoðun sína að samningar um þjónustureiki, sem taka m.a. til Vesturlands lúti ekki lögsögu PFS og mótmælti að PFS hlutist með neinum hætti um þá samninga.

Um verð fyrir reiki

LÍ krefst frávísunar á kröfu um að PFS ákveði verð fyrir reikiaðgang og að engar forsendur eru fyrir aðila að fjalla um verð fyrir reikiaðgang fyrir en reikisvæði hafa verið tilgreind og að meginreglan sé að aðilar semji um verð fyrir reikiaðgang. Þegar og ef til þess kemur að PFS ákveði verð fyrir reikiaðgang hafi stofnunin heimild til að leggja til grundvallar fleiri atriði en kostnaðargrundvöll þegar verð er ákveðið.

Þá mótmælir LÍ þeirri fullyrðingu OGF að aðilar hafi fullreynt samninga um verð fyrir reikiaðgang. Sá ágreiningur sem nú er uppi um verð fyrir reiki varðar þá reikisamninga sem sagt hefur verið upp, en ekki nýjan reikisamning milli aðila. Þá er einnig mótmælt að fram hafi komið að LÍ vilji hækka verð fyrir reiki.

Að reiki á grundvelli 35. gr. laganna verði hafnað

Þá heldur LÍ því fram að 35. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 brjóti í bága við samning um Evrópska Efnahagssvæðið, sem fengið hefur lagagildi að íslenskum rétti með lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þar sem 35. gr. fjarskiptalaga gangi lengra en ákvæði fjarskiptatilskipana ESB og EES en þar sé hvergi minnst á skyldu til innanlandsreikis. Með því sé brotið gegn markmiði EES samningsins um einsleitni á þeim markaði sem hann tekur til.

LÍ byggir jafnframt á því að EES samningurinn hafi bein lagaáhrif í íslenskum rétti og að LÍ geti byggt á efni samningsákvæðanna til stuðnings rétti sínum og að með bókun 35 við EES samninginn séu lögfest forgangsáhrif EES réttar, sem á að tryggja samræmda túlkun og beitingu EES reglna á öllu efnahagssvæðinu.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið beri að skýra fjarskiptalögin til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja og þar sem 35. gr. fjarskiptalaga gangi lengra en eldri og yngri fjarskiptatilskipanir og stangist þannig á við reglur EES réttarins, verði ekki á henni byggt til að ákvarða um reikiaðgang.

3.0 Niðurstaða.

3.1. Ákvæði fjarskiptalaga.

Frá árinu 1999 hefur verið ákvæði í fjarskiptalögum sem heimilar farsímafyrirtækjum aðgang að neti annarra farsímafyrirtækja, ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Ákvæðið hljóðaði svo í eldri fjarskiptalögum, sbr. 21. gr. 1. nr. 107/1999:

“Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs.

Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Um reikisamninga og málsmeðferð skal fara skv. 22., 27. og 28. gr. eftir því sem við getur átt, þó þannig að um ákvörðun gjalda gildir gjaldskrá fjarskiptafyrirtækis að frádregnum þjónustuliðum sem fjarskiptafyrirtæki þarf ekki að veita.”

Nokkrar efnislegar breytingar voru gerðar á ákvæðinu í nýjum fjarskiptalögum, sbr. 35. gr. 1. nr. 81/2003:

Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðva eða farsímanets, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðva og farsímanets eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, eða þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leitast við að semja sín á milli um skilmála aðgangs. Náist ekki samkomulag skal Póst- og fjarskiptastofnun ákveða hvort reikisamningur skuli gerður og skilmála hans á milli þess aðila er ræður farsímanetinu skv. 1. mgr. og annarra fjarskiptafyrirtækja, enda hafi þau þegar yfir að ráða eigin almennum farsímanetum þar sem þeim verður við komið að mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ákvæði fjarskiptalaganna er óháð því hvort aðili hefur markaðsráðandi stöðu eða ekki. Aðili með tiltölulega lítið net gæti því fræðilega verið skyldugur til að veita öðrum aðgang að því neti og þar af leiðandi er ekki þörf á að greina markaði í samræmi við núgildandi fjarskiptalög til að meta hvort OGF á rétt á reikisamningi á grundvelli ákvæðisins.

3.2. Gildandi samningar um reiki

Gildandi samningar um reiki eru upphaflega gerðir við Íslandssíma og Tal og eru dagsettir 23. október 2000, 14. nóvember 2000, 1. febrúar 2001 og 1. júlí 2001.


Samningar þessir voru gerðir á milli félaganna án íhlutunar PFS og hafa verið kallaðir þeirra á milli “skyldureikisamningar” og “þjónustureikisamningar”.

OGF óskaði eftir, með bréfi til LÍ dags. 30. desember 2002, að reikisamningi frá 1. febrúar 2001 við Íslandssíma verði breytt til samræmis við samning frá 1. júlí 2001 og

nái einungis til svæða sem tengjast farsímastöðvum á Fróðarheiði, í Gröf, í Skógum, á Hraunhóli, í Laugum, á Skollahnjúk og á Vatnaheiði. Í bréfi dags. 22. maí 2003, óskaði OGF eftir að frestað yrði gildistöku uppsagnar reikisvæða, sem félagið hafði áður óskað eftir, með fyrrgreindu bréfi dags. 30. desember 2002.

Í millitíðinni hafði LÍ sagt upp öllum reikisamningum við OGF, sem verið höfðu í gildi á milli LÍ annarsvegar og Tals og Íslandssíma hinsvegar, sbr. bréf dags. 30. apríl 2003.

LÍ lagði þann 11. júní 2003 fram tilboð um reikisvæði til OGF sem LÍ taldi að sér væri skylt að veita samkvæmt fjarskiptalögum. LÍ hefur krafist þess að PFS ákvarði reikisvæði í samræmi við þetta tilboð. PFS lýtur því svo á að enginn ágreiningur sé á milli OGF og LÍ um þau svæði sem neðangreint tilboð fjallar um og LÍ sé skylt að veita reiki á öllum þeim sendum sem tilgreindir eru í tilboðinu.



Í framhaldi voru haldnir nokkrir fundir með aðilum, sem leiddu að lokum til þess að aðilar vísuðu málinu sameiginlega til PFS.

3.3. Umfjöllun um kröfur aðila

Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir kröfum aðila:

3.4. Krafa LÍ um að öllum kröfum er lúta að “þjónustureikisamningi” verði vísað frá

Hugtökin “þjónustureiki” og “skyldureiki” eru hugtök sem aðilar hafa notað til aðgreiningar á þeim tveimur samningum sem LÍ gerði við Tal og Íslandssíma á sínum tíma. Þessi hugtakanotkun getur á engan hátt bundið hendur PFS þegar kemur að því að ákvarða skilmála nýs reikisamnings á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga. Við ákvörðun þessa skiptir engu máli hvort viðkomandi reikisvæði hafi áður fallið undir hugtökin “skyldureiki” eða “þjónustureiki” í samningum aðila frá árinu 2000 og 2001. Af þeirri ástæðu er ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um þá kröfu LÍ að öllum kröfum varðandi þjónustureiki verði vísað frá.

3.5. Krafa OGF um að núverandi reikisamningar skulu vera áfram í gildi að undanskildum þeim svæðum sem sagt hefur verið upp.

Meginkrafa OGF lýtur að því að sá aðgangur sem OGF hefur haft skuli vera efnislega óbreyttur, að undanskildum þeim svæðum sem sagt hefur verið upp. Í greinargerð, dags. 6. október, breytti OGF kröfu sinni hvað þetta varðar og krafðist þess að reikisamningur um Vesturland, sem sagt hefur verið upp, haldi gildi sínu til 1. maí 2004. Fjallað verður um þá kröfu undir lið 4.5.

Við skilgreiningu á þeim svæðum þar sem hagkvæmt er að byggja upp, hefur PFS leitast við að taka tillit til landfræðilegra sjónarmiða og þeirrar umferðar sem er á þeim sendum sem ágreiningur er um. Þá hefur verið tekið mið af því, eftir því sem hægt er, að skilgreina svæðin ekki of lítil til að komast megi hjá tæknilegum vandamálum við reiki. Of lítil svæði geta valdið tæknilegum erfiðleikum vegna skilgreiningar á “location area” og aukaálagi á dreifikerfið, að mati LÍ og því telur LÍ hentugt að reikisvæði séu vel afmörkuð þannig að ekki sé líklegt að notendur þeirra séu sífellt að færast milli (location area) svæða. PFS tekur undir þá skoðun LÍ að æskilegt sé að reikisvæði séu vel afmörkuð til að koma í veg fyrir hugsanlegt aukaálag á kerfið. Af gögnum málsins er hins vegar ekki hægt að sjá hversu mikið þetta álag er eða hversu mikil óþægindi það hefur í för með sér. Samkvæmt þessu er það mat PFS að LÍ hafi ekki sýnt fram á að þau tæknilegu vandamál, sem getið er um, séu í þeim mæli að það eigi alfarið að koma í veg fyrir að geislar frá sendum sem eru í reiki skerist ekki við senda sem eru ekki í reiki. Við afmörkun reikisvæða var þó leitast við að taka tillit til þessa eftir því sem það var unnt. Þá má einnig benda á að í Danmörku má sjá dæmi um lítil reikisvæði. PFS er ekki kunnugt um að þetta fyrirkomulag í Danmörku hafi valdið neinum þeim tæknilegu vandamálum sem ekki var hægt að leysa.



- Telia Mobildækning indendørs og i bil
- Telia Mobildækning udendørs og i bil med fastmonteret tagantenne
- Udenfor Telias net anvender din mobiltelefon Sonofons net. Det betyder at du kan ringe i hele landet

Mynd 2 sýnr dæmi um reikisvæði Telia hjá Sonofon.

PFS telur einnig að við skilgreiningu á þeim svæðum sem LÍ verður ekki skyldugur til að veita reikiþjónustu verði einnig að taka mið af að OGF hefur yfir að ráða sendum sem eru staðsettir inn í miðjum reikisvæðum eins og þau eru skilgreind nú í samningum á milli fyrirtækjanna. Með því eru fyrirfram komnar löglíkur fyrir því að OGF telji að hagkvæmt geti verið fyrir sig að hafa sitt eigið net á því tiltekna svæði.

Ofangreindar forsendur liggja m.a. til grundvallar, ákvörðun PFS, ásamt útreikningum á kostnaði og áætluðum tekjum OGF af reikisvæðum um þá staði þar sem LÍ ber að veita OGF reikiþjónustu og þá staði þar sem hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið net.

3.5.1. Fjárfestingar- og rekstrarkostnaður

Hér verður fjallað um fjárfestingar- og rekstrarkostnað sem OGF yrði að stofna til ef fyrirtækið fengi ekki að reika á svæðum sem LÍ telur ekki lengur til reikissvæða. Fjallað verður um fjárfestingarkostnað, rekstrarkostnað, fjölda mínútna í reiki og markaðshlutdeild, en PFS hafði óskað eftir upplýsingum um þessa liði í bréfum til LÍ og OGF.

3.5.2. Forsendur og útreikningar LÍ á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði

Í útreikningum LÍ á fjárfestingarkostnaði var reiknað endurstofnverð farsímastöðva LÍ. Þá er endurstofnverð þeirra endurreiknað miðað við umferð OGF.

Að auki var reiknuð hlutdeild í BSC (e. Base Stations Controller), en sú fjárfesting getur hækkað með fjölgun farsímastöðva. LÍ heldur því fram að stofnkostnaður OGF á þeim stöðvum þar sem LÍ býður ekki upp á reiki væri [..¹]. LÍ miðar þá við að OGF þyrfti ekki að byggja upp eins afkastamikla senda. Kostnaður LÍ væri hins vegar [..²] þar sem LÍ þyrfti afkastameiri senda vegna fleiri viðskiptavina.

Við útreikning á rekstrarkostnaði er fjallað um kostnað sem fellur til vegna leigulína og húsaleigu, rekstrarkostnað við BSC og annan óútdældan kostnað. Samkvæmt niðurstöðum útreikninga LÍ er áætlaður meðalrekstarkostnaður [..³]

Uppbygging LÍ á árinu 2003

Í svari LÍ við spurningu PFS vegna uppbyggingar á GSM radíókerfinu kemur fram [..⁴]

Áætlaðar tekjur á reikisvæðum

Í útreikningum LÍ var tekinn saman fjöldi mínútna í hverjum sendi á tímabilinu september 2002 til ágúst 2003. LÍ álitur að á stöðum þar sem OGF hefur sett upp farsímastöðvar sé markaðshlutdeild OGF á umferð í gegnum senda LÍ úr takt við aðra staði. Tekin var saman meðalhlotfall umferðar OGF af umferð LÍ á viðkomandi svæði og meðaltal látið gilda fyrir þessa staði (Höfn, Egilsstaði, Ísafjörð, Sauðárkrók). Taldi LÍ þó líklegt að markaðshlutdeild OGF á þessum stöðum væri hærri en miðað var við í útreikningunum.

¹ Fellt út vegna trúnaðar

² Fellt út vegna trúnaðar

³ Fellt út vegna trúnaðar

⁴ Fellt út vegna trúnaðar

LÍ taldi jafnframt að markaðshlutdeild OGF færi hækkandi. Var því fjöldi mínútna til útreiknings á mínútuverði hækkaður upp í þá hlutdeild sem LÍ taldi að OGF hefði í dag. Einnig miðaði LÍ við að OGF hefði 27,5% markaðshlutdeild á öllum stöðum.

Í ljósi þess að markaðshlutdeild OGF er um 40% yfir landið allt að mati LÍ taldi hann varlega áætlað að markaðshlutdeild OGF á hverjum stað gæti orðið 27,5% með lítilli fyrirhöfn. Taldi LÍ því þessa aðferð gefa réttari niðurstöðu.

3.5.3. Forsendur og útreikningar OGF á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði

Í útreikningum OGF fyrir fjárfestingarkostnað voru sýndir útreikningar vegna stofnkostnaðar farsímastöðva OGF á nokkrum stöðum, kostnaðar við aðstöðu og sendibúnað, sem og annars kostnaðar. Fram kom að meðal stofnkostnaður á sendi var um [..⁵]

OGF gerði grein fyrir rekstrarkostnaði farsímastöðva á nokkrum svæðum. Var gerð grein fyrir forsendum félagsins varðandi kostnað vegna leigulína, húsaleigu og annan óútdeildan kostnað. Samkvæmt niðurstöðum OGF er áætlaður meðalrekstrarkostnaður á hvern sendi [..⁶].

Áætluð uppbygging OGF

Í svari OGF við spurningu PFS varðandi áætlaða uppbyggingu á farsímakerfi OGF kemur fram [..⁷]

Áætlaðar tekjur

OGF byggir útreikninga sína á núverandi fjölda mínútna á “skyldu- og þjónustureikissvæðum”. Út frá því eru reiknaðar væntanlegar tekjur OGF við að byggja upp á svæðunum. Einnig eru meðaltekjur af útfarandi símtölum áætlaðar, en í þeim tekjum eru frádregin samtengigjöld til LÍ og tekið tillit til afsláttar og frímínútna.⁸

3.5.4. Umfjöllun aðila um forsendur

Aðilum var gefin kostur á að koma með athugasemdir við forsendur hvors annars.

LÍ taldi að miðað við þær upplýsingar sem fyrirtækið hafði um forsendur OGF virðist lítið hafa verið unnið að því að útfæra arðbært viðskiptalíkan af sendum utan núverandi heimasvæðis félagsins og ekki verður séð að miðað hafi verið við viðurkenndar aðferðir við að reikna út arðsemi. Einnig var bent á að mikilvæg atriði vantaði í forsendurnar, t.d. að ekki komi fram hversu mikla markaðshlutdeild félagið telur sig geta fengið á útvíkkuðu heimasvæði. LÍ álitur að OGF virðist beinlínis gera ráð fyrir að OGF muni ekki á næstu árum vera með neina viðleitni í þá átt að útvíkka núverandi markaðssvæði sitt.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar

⁶ Fellt út vegna trúnaðar

⁷ Fellt út vegna trúnaðar

⁸ Samkvæmt OGF hafði verið óskað eftir að fá upplýsingar um reikiumferð á einstökum sendum LÍ, til þess að hægt væri að leggja mat á hvar væri hagkvæmt að byggja upp senda, en LÍ ekki orðið við þeirri ósk. Í bréfi, dags. 21. október 2003, veitti LÍ OGF aðgang að þessum upplýsingum.

Þá taldi LÍ það ekki geta verið lögmætar forsendur fyrir því hvort svæði teljist arðbær að fyrirtækið hafi ekki áhuga á að ná markaðshlutdeild á því svæði, heldur ætli sér eingöngu að byggja upp á tilteknum arðbærari svæðum.

Að mati OGF virðist LÍ gefa sér í reikilíkaninu að OGF sé með 27,5 % markaðshlutdeild og þar með reikna vöxt markaðshlutdeildar OGF inn í framtíðina. OGF taldi sér hafa gengið illa að hasla sér völl á landsbyggðinni og lagði tölur þess efnis fyrir PFS. OGF taldi ekki miklar líkur á aukinni markaðshlutdeild á þessum svæðum í náinni framtíð.

OGF gagnrýndi fullyrðingar LÍ um 27.5 % markaðshlutdeild OGF og benti á að OGF hafi notað rauntölur unnar úr sundurliðuðum reikningum frá LÍ fyrir reiki. Ljóst væri af þeim útreikningum að meðalnotkun á sendi, bæði á “skyldureikistöðum” og “þjónustureikistöðum”, væri fjarri því að standa undir beinum rekstrarkostnaði við sendinn, hvað þá að standa undir öðrum beinum eða óbeinum sameiginlegum rekstrarkostnaði.

3.5.5. Umfjöllun PFS um forsendur aðila:

Mismunandi útreikningar á markaðshlutdeild

Mismunandi útreikningar fyrirtækjanna byggja að hluta til á mismunandi ályktunum um hvernig meðhöndla eigi markaðshlutdeild OGF úti á landi.

Markaðshlutdeild OGF úti á landi virðist vera minni en á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan liggur ekki ljós fyrir, t.d. má benda á að markaðsetning OGF er almenn í þeim skilningi að hún ætti að höfða jafnt til allra, þar sem auglýst er í fjölmiðlum sem hafa útbreiðslu á landsvísu. Því er ekki hægt að draga þá ályktun að OGF beiti sér ekki á landsbyggðinni. Rök fyrir lítilli markaðshlutdeild OGF úti á landi gætu hugsanlega legið í stærra dreifikerfi LÍ á landsbyggðinni og vegna 4 ára forskots á Tal í uppbyggingu dreifikerfis og 6 ára forskots á Íslandssíma, en þau mynda nú OGF, ásamt Halló.

PFS telur varhugavert við mat á hagvæmni á einstökum stöðum að miða við að OGF geti hugsanlega náð 27,5 % markaðshlutdeild. GSM markaðurinn hefur náð ákveðinni mettun, sem gerir það erfiðara fyrir aðila sem hefur ekki farsímanet á þeim stöðum sem LÍ hefur byggt upp að ná fótfestu á þeim svæðum. Samkvæmt tölum frá OGF og LÍ er hlutfall landsmanna sem hafa farsíma um 85%.

Samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptafyrirtækjunum, hefur OGF um [..⁹] og LÍ um [..¹⁰] áskrifenda á þeim stöðum sem OGF er með senda inn á reikisvæðum. Þessar tölur hljóta einnig stuðning í umferðartölum úr hverjum sendi, sem sendar voru PFS og þeim greiðslum sem OGF hefur greitt LÍ fyrir reikiþjónustu. Að mati PFS verður að taka tillit til þessarar stöðu á markaðnum á þeim svæðum sem ágreiningur aðila nær til þegar metið er hvort LÍ sé skylt að veita reikiþjónustu á grundvelli 35. gr. eða ekki.

Hins vegar er líklegt að markaðshlutdeild OGF gæti aukist eitthvað með tilkomu eigin senda á þeim svæðum sem nú eru í reiki. Sú aukning getur þó tæplega orðið í þeim

⁹ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar

mæli sem LÍ heldur fram, ef tekið er mið af reynslu erlendis frá varðandi fjölda þeirra viðskiptavina sem skipta um þjónustuveitenda.

Fjárfestingarkostnaður

Yfirlit aðila yfir fjárfestingarkostnað gefa til kynna að kostnaður samkvæmt LÍ getur hlaupið frá [..¹¹]. og upp [..¹²]. Kostnaður samkvæmt OGF getur hlaupið frá kr. [..¹³]. og upp í [..¹⁴] Þá gerir LÍ ráð fyrir að OGF þurfi ekki að byggja upp eins afkastamikla senda og LÍ og því geti fjárfestingarkostnaður OGF orðið lægri en LÍ á sama stað.

Rekstrarkostnaður

OGF finnur út rekstrarkostnað á 5 stöðvum, sem allar standa sér, í þeim skilningi að erfitt er um samnýtingu, t.d. á leigulínum eða öðrum búnaði. Fleiri stöðvar á sama svæði, eins og útreikningar LÍ ganga út frá, gætu dregið úr rekstrarkostnaði á hverja stöð. Þetta skýrir að hluta mismunandi niðurstöðu aðila hvað varðar rekstrarkostnað.

Fjöldi senda hjá LÍ og OGF

[..¹⁵]

3.5.6. Skoðun á fjárfestingar- og rekstrarkostnaði

PFS fór yfir þá útreikninga sem bárust frá LÍ og OGF og notaði við það 5 mismunandi aðferðir. Áætlaður var rekstrar- og fjárfestingarkostnaður á hvern farsímasendi og dreift á mínútufjölda OGF í hverjum sendi og fékkst þá kostnaður á hverja mínútu. Kostnaður á hverja mínútu var síðan borinn saman við hugsanlegar tekjur OGF af símtali.

Þar sem fjallað er um umferðartölur (mínútur) er byggt á tölum frá LÍ, enda hafði OGF ekki upplýsingar um umferðartölur úr sendunum.

Í töflu 1 má sjá niðurstöður útreikninga PFS:

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar

¹² Fellt út vegna trúnaðar

¹³ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁵ Fellt út vegna trúnaðar

	Aðferð 1 <i>Pr. mín.</i>	Aðferð 2 <i>Pr. mín.</i>	Aðferð 3 <i>Pr. mín.</i>	Aðferð 4 <i>Pr. mín.</i>	Aðferð 5 <i>Pr. mín.</i>
Vestfirðir					
Ísafjörður, Arnarnes	*	*	*	*	*
Hnífsdalur	*	*	*	*	*
Bolungavík	*	*	*	*	*
Súðavík	*	*	*	*	*
Suðurland	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>
Höfn, Nesjar	*	*	*	*	*
Háfell, Klaustur, Hunkubakki	*	*	*	*	*
Hraunhöll	*	*	*	*	*
Skógar	*	*	*	*	*
Austurland	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>
Egilsstaðir, Gagnheiði, Hafrafell	*	*	*	*	*
Brekka	*	*	*	*	*
Valþjófsstaðir	*	*	*	*	*
Kárahnjúkasvæði	*	*	*	*	*
Seyðisfjörður	*	*	*	*	*
Norðfjörður	*	*	*	*	*
Eskifjörður, Reyðarfjörður	*	*	*	*	*
Fáskrúðsfjörður	*	*	*	*	*
Vopnafjörður	*	*	*	*	*
Húsavík	*	*	*	*	*
Skollahnjúkur (sunnan við húsavík)	*	*	*	*	*
Laugar(Reykjadal/Mývatnsheiði)	*	*	*	*	*
Vesturland	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>	<i>Pr. mín.</i>
Varmahlíð, Vatnsskarð, Lýtingsstaðir	*	*	*	*	*
Sauðárkrúkur, Hegranes	*	*	*	*	*
Höfsós	*	*	*	*	*
Hólar í Hjaltadal	*	*	*	*	*
Síglufjörður	*	*	*	*	*
Ólafsfjörður	*	*	*	*	*
Hnjúkar	*	*	*	*	*
Tungunsmúli, Húnava	*	*	*	*	*
Blanda	*	*	*	*	*
Fróðarheiði	*	*	*	*	*
Gröf	*	*	*	*	*
Vatnaheiði	*	*	*	*	*

*Fellt út vegna trúnaðar

Tafla 1: Niðurstöður útreikninga PFS

Aðferð 1. Útreikningar miðað við forsendur LÍ , þ.e. 27,5% markaðshlutdeild OGF út á landi.

Fjárfestingarkostnaður: Skoðaðir voru útreikningar fyrirtækjanna ef OGF þyrfti að fjárfesta í farsímastöðvum. Tekið var tillit til þess að OGF þyrfti líklega að leggja út í minni kostnað en LÍ, vegna afkastaminni senda.

Rekstrarkostnaður: Skoðaður var kostnaður vegna leigulínu, krosstenginga, línukostnaðar utan alfararleiðar og húsaleigu, sem og óútdeildur kostnaður og annar kostnaður.

Umferðartölur: Miðað var við að OGF væri með 27,5% markaðshlutdeild úti á landi, eins og fram kom í útreikningum LÍ.

Aðferð 2. Miðað við umferð frá viðskiptavinum OGF í sendum LÍ .

Fjárfestingarkostnaður: Sama og í aðferð 1.

Rekstrarkostnaður: Sama og í aðferð 1.

Umferðartölur: Byggt var á umferðartölum OGF í sendum LÍ í ágúst 2003 og að samsvarandi hlutdeild væri yfir allt árið.

Aðferð 3. Notast við raunmínútuþjölda OGF í kerfi LÍ

Rekstrarkostnaður: Sama og í aðferð 1.

Fjárfestingarkostnaður: Sama og í aðferð 1.

Umferðartölur: Byggt var á raunumferðartölum OGF á viðkomandi svæði eins og hann mælist í bókum LÍ. Miðað var við heilt ár.

Aðferð 4. Breytingar á fjárfestingarkostnaði

Rekstrarkostnaður: Sama og í aðferð 1.

Fjárfestingarkostnaður: Breytingar voru gerðar á fjárfestingarkostnaði. Reiknað var með að fjárfesting OGF væri samsvarandi og hjá LÍ.

Umferðartölur: Sama og í aðferð 3.

Aðferð 5. Breytingar á rekstrarkostnaði

Rekstrarkostnaður: Reiknað var með að rekstrarkostnaður hækki um 10%.

Fjárfestingarkostnaður: Sama og í aðferð 4.

Umferðartölur: Sama og í aðferð 3.

3.5.7. Almennt um forsendur

Með því að skoða þessar fimm aðferðir sést hvaða áhrif breyttar forsendur hafa á kostnaðarverð á hverri mínútu og staðir sem hafa mikla umferð þola breytingar á forsendum betur en staðir sem eru með litla umferð.

Þegar verið er að meta útreikningana er einnig rétt að hafa eftirfarandi í huga:

Fjárfestingarkostnaður getur verið mjög mismunandi eftir staðháttum, sérstaklega ef nauðsynlegt er að setja upp nýtt mastur eða leggja í aðrar framkvæmdir. Hins vegar er líklegt að sá sem setur upp farsímastöð fyrstur á einhverjum tilteknum stað, þurfi að leggja út meiri stofnkostnað en þeir sem næstir koma.

Einn stærsti rekstrarkostnaðarliðurinn er leigulínur, ef fleiri sendar eru á sama svæði er hægt að samnýta þær.

Ef miða ætti við 27,5% markaðshlutdeild hvað varðar umferð í sendum LÍ frá OGF á öllum þeim stöðum sem ágreiningur er um, eins og LÍ telur að gera ætti, er ljóst að um verulega hærri hlutdeild er að ræða frá því sem nú er. Að mati PFS er það mikill vafi á, að þær forsendur sem LÍ gaf sér geti gengið eftir, að ekki er hægt að miða við þessa útreikninga þegar meta á hvort hagkvæmt geti verið að byggja upp eigið net, þar sem lítil heildarumferð á sendum gerir alla útreikninga næma fyrir breytingum .

Ef notaðar eru heildarumferðartölur í sendum LÍ yfir eins árs tímabil, sem eru tilkomnar vegna umferðar frá viðskiptavinum OGF má áætla hvar hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi miðað við núverandi aðstæður.

Að áliti PFS þarf að taka ofangreindar forsendur til greina þegar kemur að því að meta þurfi í hverju einstaka tilfelli hvort OGF eigi rétt á reiki á einhverjum tilteknum svæðum.

Það er mat PFS að notast eigi við raunmínútu fjölda miðað við heilt ár. Áætla verður rekstrarkostnað út frá þeim upplýsingum sem bærust frá fyrirtækjunum, en miðað var við að fjárfestingarkostnaður væri lægri hjá OGF en hjá LÍ. Það er því niðurstaða PFS samkvæmt þessu að notast eigi við aðferð 3 við útreikninga á arðsemi einstakra senda eða svæða.

3.5.8. Niðurstaða varðandi einstök svæði

Einstök svæði eða sendar þar sem OGF á rétt á reikipjónustu

Miðað við ofangreindar forsendur þá ber LÍ að veita reikipjónustu á eftirtöldum sendum/svæðum, þar sem útreikningar PFS sýna fram á að uppbygging eigin nets beri sig ekki. Þessir sendar **koma til viðbótar við þá senda sem LÍ bauð í tilboði, dags. 11. júní 2003.**

Vesturland:

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Fróðarheiði, Gröf og Vatnaheiði (Dalur)

Vestfirðir

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Súðavík, Hnífsdal og Bolungarvík.

Norð-vesturland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Tungunesmúla, Vatnsskarði, Lýtingsstöðum, Varmahlíð, Hólum og Hofsósi.

Norðurland:

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Siglufirði og Ólafsfirði

Norðausturland:

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Skolla, Laxárvirkjun og Laugum.

Austurland:

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Vopnafirði, Seyðisfirði (2 sendar), Norðfirði (2 sendar), Eskifirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Þá skal og reika á eftirfarandi sendum á Héraði: Valþjófsstöðum og Brekku.

Suðurland:

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Klaustri, Hunkubakka, Háfelli, Hraunhóli og Skógum.

Sendar/svæði, þar sem útreikningar PFS, sem byggðir eru á upplýsingum frá LÍ og OGF, sýna að hagkvæmt geti verið fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi:

Vestfirðir

Sendir frá OGF er staðsettur á Ísafirði, ef tekið er mið af umferðartölum úr þeim sendi, umferðartölum úr sendum LÍ sem reikað er á við Skutulsfjörð, þ.e. tveimur sendum á Ísafirði og einum á Arnarnesi og niðurstöðu útreikninga á fjárfestingar- og rekstarkostnaði þykir sýnt að hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á þessu svæði.

Reiki á þessum sendum skal þó vera til ársloka 2005.

Norðvesturland

Hnjúkar, ef miðað er við áætlaðan fjárfestingar- og rekstarkostnað og þá umferð sem er frá OGF á sendinum. Þykir sýnt að hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á þessu svæði.

Reiki á þessum sendi skal þó vera til ársloka 2005.

Þá teljast og Sauðarkrókur og Hegranes til reikisvæðis, en OGF hefur í verki sýnt fram á að hagkvæmt geti verið að byggja upp eigið kerfi þar, auk þess sem útreikningar PFS leiða til sömu niðurstöðu. Þykir sýnt að hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á þessu svæði.

Reiki á þessum sendum skal þó vera til ársloka 2005.

Austurland

Egilsstaðir teljast til reikisvæðis, en OGF hefur í verki sýnt fram á að hagkvæmt geti verið að byggja upp eigið kerfi, auk þess sem útreikningar PFS leiða til sömu niðurstöðu. Þykir sýnt að hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á þessu svæði.

Reiki á þessum sendum skal þó vera til ársloka 2005.

Suðausturland

Höfn telst til reikisvæðis, en OGF hafa í verki sýnt fram á að hagkvæmt geti verið að byggja upp eigið kerfi, auk þess sem útreikningar PFS leiða til sömu niðurstöðu. Þykir sýnt að hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á þessu svæði.

Reiki á þessum sendum skal þó vera til ársloka 2005.

3.5.9. Aðlögunartími

Að áliti PFS leiðir sú niðurstaða að hagkvæmt sé að byggja upp net fyrir OGF á áðurnefndum svæðum, ekki til þess að LÍ sé heimilt nú þegar að slökkva á þeim sendum sem nú eru í reiki á þessum stöðum, heldur verði um að ræða uppbyggingu í nokkrum áföngum.

PFS telur að þegar meta á þau skilyrði sem 35. gr. setur fyrir aðgangi farsímafyrirtækja að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja, verði að líta á þau hvert fyrir sig. Skilyrðið “*vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar*” má heldur ekki túlka það þröngt að eingöngu sé litið á hvert svæði fyrir sig, heldur verður einnig að líta til heildar umfangs allrar þeirrar fjárfestingar sem aðili þarf að leggja í við uppbyggingu á eigin neti. Þannig gætu arðsemisútreikningar gefið til kynna að hagkvæmt sé fyrir OGF að byggja upp sitt eigið dreifikerfi á einhverjum af þeim svæðum sem félögin greinir á um, en ef litið er á þá umfang uppbyggingar OGF á dreifikerfi sínu, miðað við LÍ, kemur í ljós að OGF áætla að setja upp á árinu [..¹⁶], en LÍ [..¹⁷] Tilboð LÍ frá 11. júní s.l. um reikisvæði þýðir að OGF þyrfti að hraða verulega uppbyggingu á þeim svæðum sem nú eru í reiki og umfang þeirra fjárfestinga sem leggja þyrfti út í myndi aukast frá því sem nú er.

Þar sem OGF hafði ekki fyrr en nýverið aðgang að umferðartölum á sendum LÍ, þrátt fyrir beiðni þar að lútandi, átti fyrirtækið erfitt um vik að meta hvar umferð frá þeirra viðskiptavinum væri mest. sem leiddi til þess að þeir misstu rétt á reikisamningi á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga. á einhverjum tilteknum svæðum.

¹⁶ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁷ Fellt út vegna trúnaðar

Þá skiptir og máli í þessu sambandi að OGF hefur fengið þessa þjónustu frá LÍ frá árinu 2001 og greitt fyrir sammingsbundið gjald, sem fyrirtækin sömdu um á sínum tíma. PFS telur því að áframhaldandi reiki út þennan aðlögunartíma sé ekki svo íþyngjandi fyrir LÍ að ekki sé sanngjarnt og eðlilegt að OGF verði gefið tækifæri til að bregðast við með uppbyggingu eigin senda, sbr. 1. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga. Þá getur PFS samkvæmt 35. gr. fjarskiptalaga. m.a. kveðið á um að reikisamninga þegar nauðsynlegt er að stuðla að virkri samkeppni, sbr. og 1. gr. fjarskiptalaga.

Þá myndi einnig sú aðgerð LÍ að slökkva fyrirvaralaust á reikiþjónustu á þessum svæðum bitna með ófyrirséðum afleiðingum á GSM notendum OGF og íslenskum neytendum almennt, þar sem þeim valkostum sem eru í boði varðandi val á GSM þjónustuveitanda á þessum tilteknu svæðum myndi fækka og telur PFS að nauðsynlegt sé að taka tillit til þessara sjónarmiða.

Með vísun í ofangreint telur PFS að OGF skuli eiga rétt á reikiþjónustu til ársloka 2005, á þeim svæðum, þar sem niðurstaða PFS er að hagkvæmt sé að byggja upp eigið net.

3.6. Einstakir staðir sem sérstök krafa var gerð um

3.6.1. Hvalfjarðargöng

Samkvæmt gögnum málsins þá bauð LÍ Tali og Íslandssíma aðgang að aðstöðu í Hvalfjarðargöngum til að setja upp sína eigin senda, gegn því að fyrirtækin tækju sanngjarnan þátt í fjárfestingarkostnaði með því að greiða stofngjald. Í fjarskiptalögum er fjallað um aðgang að aðstöðu í 25. gr. Í greinargerð kemur fram að skylda 25. gr. hvíli jafnt á fyrirtækjum án tillits til markaðshlutdeildar. Eins og ágreiningur aðila birtist í gögnum málsins, virðist hann aðeins snúast um þær greiðslur sem OGF þarf að greiða fyrir aðstöðuna. Í bréfi LÍ, dags. 15. maí 2002 bauð LÍ Tali aðgang gegn greiðslu 10 millj. í stofnkostnað. Ekki verður séð að Tali eða OGF síðar hafi svarað þessu tilboði formlega. Í greinargerð LÍ, dags. 15. október 2003 kemur enn fremur fram að þetta boð LÍ standi ennþá. Með vísun til þess að OGF stendur aðgangur að Hvalfjarðargöngum til boða verður ekki séð að PFS þurfi að ákvarða sérstaklega um þennan aðgang.

3.6.2. Grímsey

PFS hefur engar umferðartölur úr sendinum í Grímsey. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni er tala íbúa 93. Ef tekið er mið af útreikningum sem borist hafa frá aðilum um fjárfestingar- og rekstrarkostnað, telur PFS að ólíklegt sé að uppsetning sendis á vegum OGF geti verið hagkvæm. Samkvæmt því þá ber LÍ að veita OGF reikiþjónustu í Grímsey.

3.6.3. Blanda

PFS hefur ekki yfir að ráða upplýsingum um fjölda íbúa við Blöndu, leiða má þó líkum að því að þeir séu færri en 50. Ef tekið er mið af útreikningum sem borist hafa frá aðilum um fjárfestingar- og rekstrarkostnað, telur PFS að ólíklegt sé að uppsetning sendis á vegum OGF geti verið hagkvæm. Samkvæmt því þá ber LÍ að veita OGF reikiþjónustu í sendi við Blöndu.

3.6.4. Kárahnjúkar

Erfitt er að draga einhverjar ályktanir af þeim gögnum sem PFS hefur undir höndum varðandi Kárahnjúka. Þá eru þar uppi nokkuð sérstakar aðstæður sem koma til með að vara tímabundið. Áætla má fjárfestingar- og rekstrarkostnað, en engar upplýsingar liggja fyrir um umferð í þeim sendum sem eru á svæðinu. PFS telur að þegar til lengri tíma er litið sé ólíklegt að uppsetning senda einnig á vegum OGF geti verið hagkvæm. Samkvæmt því þá ber LÍ að veita OGF reikiþjónustu við Kárahnjúka.

3.7. Krafa OGF um að samningur um Vesturland skuli halda gildi til 1. maí 2004

Aðkoma PFS að því að ákvarða efni og skilmála reikisamnings á milli aðila, snýr eingöngu að því að meta hvort skilyrði 35. gr. fjarskiptalaga séu uppfyllt þegar kemur að því að taka ákvörðun um hvort LÍ sé skylt að verða við kröfu OGF um reiki. Hvað varðar Vesturland þá heldur OGF fram þeim rökum einum að framlenging á samningi um Vesturland valdi LÍ engum vandkvæðum í framkvæmd. OGF hefur yfir að ráða farsímaneti á Vesturlandi og PFS hefur engar heimildir í lögum til að skylda LÍ til að framlengja samning um reiki sem sagt hefur verið upp af hálfu OGF.

3.8. Krafa OGF um aðgang að nýjum farsímastöðvum, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga er uppfyllt

PFS getur ekki tekið ákvörðun um okomin atvik á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga, ávallt þarf að kanna í hvert sinn hvort skilyrði 35. gr. eru uppfyllt.

3.9. Krafa OGF um að PFS ákvarði verð fyrir reikiþjónustu

Ágreiningur aðila um verð fyrir reikiþjónustu snýst um þær forsendur sem lágu til grundvallar þeim reikisamningum sem gerðir voru árið 2000 og 2001. PFS hefur enga lögsögu í að taka ákvörðun um réttindi og skyldur í þeim ágreiningi sem er tilkominn vegna samninga sem aðilar sömdu um í tvíhliða viðræðum á sínum tíma, án íhlutunar PFS. Ekki verður annað séð en eiginlegar viðræður um verð fyrir reikiþjónustu sem byggði á nýjum reikisamningi á milli aðila hafi í raun aldrei farið fram. Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir þá reikiþjónustu sem LÍ skal veita OGF er því vísað frá.

3.10. GPRS reiki.

Í 35. gr. fjarskiptalaga er aðeins talað um að farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu skulu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja. Engar vísbendingar er því hægt að draga af ákvæðinu sjálfu, né er hugtakið farsímaþjónusta skilgreint í orðskýringum. Í skýrslu tæknihóps¹⁸, dags. 1. júní 2000, sem aðilar komu á fót, kemur m.a. fram að ákveðið hafi verið að fresta umræðum um GPRS reiki þar til GPRS verður virkt í báðum kerfum og reiki verður mögulegt. Af því verður dregin sú ályktun að gert hafi verið ráð fyrir að taka upp viðræður seinna um tæknilegar útfærslur á GPRS reiki, þegar það yrði tímabært.

Samkvæmt skilgreiningum ETSI þá er GPRS (General Packet Radio Service) þjónusta skilgreind sem ný GSM “Bearer service “ og hluti af stöðlum sem tilheyra stöðlum fyrir GSM kerfi. Staðlar fyrir GPRS þjónustu frá ETSI hafa einnig verið uppfærðir í flokk samevrópskra staðla sbr. EN 301 113.

¹⁸ Vinnuhópur sem Tal og Landssíminn komu á fót til að fjalla um tæknilegar lausnir um reiki.

Einnig hefur GSM MoU Association gefið út leiðbeiningar til farsímafyrirtækja um heim allan um útfærslur á reikisamningum sem og útgáfu og dreifingu á GPRS algorithm sem nota skal í samræmi við ETSI GSM GPRS staðla. Samkvæmt því er ljóst að GPRS þjónusta er skilgreind af ofangreindum alþjóðasamtökum sem hluti af þeim reikisamningum sem farsímafélög gera sín á milli um allan heim.

LÍ GSM ásamt öðrum farsímafélögum er þar engin undantekning og hefur samkvæmt upplýsingum sem finna má á heimasíðu LÍ gert GPRS reikisamninga við sautján farsímafélög um heim allan. Þá er GPRS innanlandsreiki (National Roaming) að verða æ algengara og má til dæmis nefna lönd eins og Bretland, Danmörku og Austurríki þar sem gengið hefur verið frá slíkum samningum.

Með hliðsjón af ofangreindu þá skal LÍ veita OGF aðgang að GPRS reiki á þeim sendum eða svæðum sem OGF á rétt á að reika, enda geti OGF sýnt fram á að fyrir liggi tæknileg lausn sem gerir það mögulegt.

3.11. Verð fyrir GPRS aðgang

Engar viðræður hafa átt sér stað um verð fyrir GPRS aðgang á milli LÍ og OGF. Þar sem aðkoma PFS að samningum um reiki er undantekning frá þeirri meginreglu 35. gr. að aðilar skulu semja um skilmála aðgangs, þá eru ekki forsendur, að svo stöddu að PFS ákveði verðið einhliða. Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir GPRS aðgang er því vísað frá.

3.12. Slitlaust reiki (seamless roaming)

OGF hefur krafist þess að LÍ skuli gera þær ráðstafanir sem til þarf til að reiki verði slitlaust. LÍ hefur fullyrt að slitlausu reiki fylgi kostnaður og fyrirhöfn fyrir báða aðila, bæði í undirbúningi og rekstri og sé jafnframt óæskilegt fyrir viðskiptavinum LÍ af tæknilegum ástæðum, sem ekki voru þó rökstuddar frekar.

Í skýrslu tæknihópsins frá 1. júní 2000 er lítillega komið inn á slitlaust reiki. Þar segir: *“Ákveðið var að hafa ekki sk. “Handover” á milli kerfa þar sem það leiðir af sér verulegar skilgreiningar á Cell-Id hins aðilans”*

Samkvæmt þessu kom slitlaust reiki til tals á milli aðila (Tals og LÍ) þegar fjallað var um tæknilegar útfærslur á reiki á sínum tíma. Gera má ráð fyrir að nú þremur árum seinna geti verið uppi önnur sjónarmið við útfærslu á slitlausu reiki en voru árið 2000 og hugsanlega séu komnar fram nýjar lausnir sem gera það nú fýsilegt að reiki sé slitlaust. Er því LÍ gert að bjóða upp á slitlaust reiki ef OGF getur sýnt fram á að fyrir liggi tæknileg lausn sem gerir það mögulegt.

3.13. Krafa LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum.

LÍ heldur því fram að við gerð núverandi reikisamninga hafi samkomulag orðið um það að Tal myndi taka niður þá senda sem fyrir voru á hinum skilgreindu reikisvæðum. OGF heldur hins vegar hinu gagnstæða fram og segir að þetta hafi aldrei komið til umræðu. PFS hefur engin tók á að ákvarða um þær forsendur sem aðilar gengu út frá við gerð núverandi reikisamnings.

Í greinargerðum aðila koma fram andstæðar skoðanir um þau tæknilegu vandamál sem skapast við það að sendar OGF séu inn á skilgreindum reikisvæðum. LÍ heldur því m.a fram að hætta sé á truflun og yfirflæði á sendum LÍ. OGF segir hins vegar að þetta fyrirkomulag hafi gengið lengi án þess að það hafi valdið aðilum neinum þeim

vandkvæðum sem máli skipta og telur því ekki ástæðu til að breyta þessu fyrirkomulagi.

PFS telur að almennt eigi sendar OGF ekki að vera inná skilgreindum reikisvæðum. Hins vegar verður ekki hjá því komist miðað við núverandi aðstæður að einhver skörun verði á meðan OGF er gefið svigrúm til að setja upp senda á þeim stöðum þar hagkvæmt er fyrir OGF að byggja upp eigið net, sbr. kafli 3.5.9

Kröfu LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum er því hafnað að svo stöddu.

3.14. Krafa LÍ um að PFS hafni reiki á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga

Löggjafinn hefur kveðið á um að innanlandsreiki skuli vera í boði í farsímaþjónustu, ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. PFS hefur engar þær heimildir að lögum sem þarf til að kveða upp úr um það hvort ákvæði 35. gr. fjarskiptalaga samræmist EES samningnum eða ekki. Kröfu LÍ um að PFS hafni alfarið reiki á grundvelli 35. gr. er því vísað frá.

4.0 Ákvörðunarorð

4.1. Krafa LÍ um að öllum kröfum er lúta að “þjónustureikisamningi” verði vísað frá.

Kröfu LÍ um að PFS vísi frá öllum kröfum er varða þjónustureiki er hafnað.

4.2. LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum stöðum til viðbótar við þau svæði sem fram komu í tilboði LÍ frá 11. júní 2003.

Vesturland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum á vesturlandi: Fróðarheiði, Gröf og Vatnaheiði (Dalurr).

Vestfirðir

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum á vestfjörðum: Bolungarvík, Hnífsdal og Súðavík.

Norð-vesturland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum á norð-vesturlandi: Tungunesmúli, Vatnsskarð, Lýtingsstaðir, Varmahlíð, Hólar og Hofsó.

Norðurland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Siglufirði og Ólafsfirði.

Norð-austurland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Skolla, Laxárvirkjun og Laugum.

Austurland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Vopnafirði, Seyðisfirði, tveir sendar. Norðfirði tveir sendar, Eskifirði, Reyðarfirði og fáskrúðsfirði. Þá skal og reika á eftirfarandi sendum á Héraði: Valþjófsstaðir og Brekka.

Suðurland

LÍ skal veita OGF reiki á eftirtöldum sendum: Klaustur, Hunkubakki, Háfell, Hraunhóll og Skógar.

4.3. Reiki á eftirfarandi sendum skal a.m.k. vera til ársloka 2005

Vestfirðir

Á Ísafirði tveir sendar og á Arnarnesi.

Norðurland-vestra

Hnjúkar, Sauðárkrókur og Hegranes.

Austurland

Egilsstaðir, Hafrafell og Gagnheiði.

Suð-austurland

Höfn og Nesjar.

4.4. Einstakir staðir sem sérstök krafa var gerð um:

Hvalfjarðargöng

OGF skal eiga rétt á aðgangi að þeirri aðstöðu sem fyrir er í Hvalfjarðargöngum gegn greiðslu sanngjarns kostnaðarhlutar, sbr. 25. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Grímsey

LÍ skal veita OGF reiki aðgang á Grímsey.

Blanda

LÍ skal veita OGF reikiaðgang að Blöndu.

Kárahnjúkar

LÍ skal veita OGF reikiaðgang að Kárahnjúkum á eftirtöldum sendum, Kárahnjúkar, Kárahnjúkar2 og Sauðafell.

4.5. Krafa OGF um að samningur um Vesturland skuli halda gildi sínu til 1. maí 2004.

Kröfu OGF um að samningur um reiki á Vesturlandi skuli halda gildi til 1. maí 2004 er vísað frá.

4.6. Krafa OGF um að aðgang að nýjum farsímastöðum, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga er uppfyllt.

Kröfu OGF um aðgang að nýjum farsímastöðum, þar sem skilyrði VII. kafla fjarskiptalaga er vísað frá.

4.7. Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir reikiþjónustu.

Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir reikiþjónustu er vísað frá.

4.8. Krafa OGF um GPRS reiki

LÍ skal veita OGF GPRS reiki, ef OGF geta sýnt fram á að það sé ekki tæknilega íþyngjandi.

4.9. Verð fyrir GPRS.

Kröfu OGF um að PFS ákvarði verð fyrir GPRS reiki er vísað frá.

4.10. Slitlaust reiki (Seamless roaming)

LÍ skal bjóða upp á slitlaust reiki (seamless), ef OGF geta sýnt fram á að það sé ekki tæknilega íþyngjandi.

4.11. Krafa LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum

Kröfu LÍ um að sendar OGF séu ekki inn á skilgreindum reikisvæðum er hafnað að svo stöddu.

**4.12. Krafa LÍ um að öllum kröfum varðandi reikiaðgang á grundvelli
35. gr. fjarskiptalaga verði vísað frá**

Kröfu LÍ um að öllum kröfum varðandi reikiaðgang á grundvelli 35. gr. fjarskiptalaga er vísað frá.

Kópavogur, 7. nóvember 2003.

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson